

# Umhverfissáttmáli

## Grunnskóla Fjallabyggðar

Grunnskóli Fjallabyggðar leggur áherslu á að nemendur fái markvissa kennslu í umhverfismennt.

Nemendur verði meðvitaðir um umhverfi sitt og skilji að ganga þurfi um náttúru landsins af virðingu og ábyrgð.

Skólinn einsetur sér að nota starfshætti umhverfisverndar, stuðla að umhverfisvænu samfélagi og efla vitund og virðingu fyrir sögu staðarins í nútíð og framtíð.